

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/953****2022/EES/20/05****frá 6. júní 2017****um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar snið og tímasetningu stöðutilkynninga
verðbréfafyrirtækja og rekstraraðila markaða sem starfrækja viðskiptavettvanga samkvæmt
tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB um markaði fyrir fjármálagerninga (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 7. mgr. 58. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að auka gagnsæi á mörkuðum með hrávöruafleiður, losunarheimildir og afleiður þeirra, ættu rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem starfrækja viðskiptavettvanga, þar sem viðskipti eru með þessa fjármálagerninga, að birta vikulega tilkynningu sem sýnir samanlagðan fjölda einstaklinga sem aðild eiga að samningnum og heildarfjölda opinna staðna fyrir hverja hrávöruafleiðu, losunarheimild eða afleiðu hennar, sem fer yfir viðmiðunarmörkin sem tilgreind eru í framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/591 ⁽²⁾, að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir beitingu stöðutakmarkana á hrávöruafleiður, og senda tilkynninguna til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar.
- 2) Ef tilkynningar sem viðkomandi viðskiptavettvangur hefur birt áður eru lagðar fram tímanlega innan skýrs og almenns frests, greiðir það fyrir vikulegri, miðlægri birtingu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á þessum tilkynningum hvaðanæva að úr Sambandinu
- 3) Nauðsynlegt er, til að gæta samræmis og tryggja snurðulausa starfsemi fjármálamarkaðsins, að ákvæðin sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og ákvæðin sem mælt er fyrir um í tilskipun 2014/65/ESB komi til framkvæmda frá og með sama degi.
- 4) Reglugerð þessi byggist á drögum að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur lagt fyrir framkvæmdastjórnina.
- 5) Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur haft opið samráð við almenning um drögin að tæknilegu framkvæmdarstöðlum sem þessi reglugerð byggist á, greint mögulegan tengdan kostnað og ávinning og óskað eftir álitni hagsmunahópsins á verðbréfamarkaði sem komið var á fót með 37. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 ⁽³⁾,

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 144, 7.6.2017, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 85/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 88, 31.10.2019, bls. 7.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/591 frá 1. desember 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir beitingu stöðutakmarkana á hrávöruafleiður (Stjtið. ESB L 87, 31.3.2017, bls. 479).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin) um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Tímafrestir tilkynninga

Rekstraraðilar markaða og verðbréfafyrirtæki sem um getur í 1. mgr. 58. gr. tilskipunar 2014/65/ESB skulu senda Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni þær vikulegu tilkynningar sem um getur í a-lið þeirrar greinar um samanlagðar stöður í lok viðskiptadags í hverri viku, eigi síðar en kl. 17:30 að Mið-Evróputíma á miðvikudeginum í vikunni á eftir.

Ef mánudagur, þriðjudagur eða miðvikudagur í vikunni þegar leggja á fram tilkynninguna er ekki virkur dagur hjá rekstraraðila markaðar eða verðbréfafyrirtæki sem um getur í fyrstu undirgrein skal sá rekstraraðili markaðar eða verðbréfafyrirtæki leggja fram tilkynninguna eins fljótt og auðið er og eigi síðar en kl. 17:30 að Mið-Evróputíma á fimmtudeginum í þeirri viku

2. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 3. janúar 2018.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
